SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík
postur@fjr.is

Reykjavík, 18. júlí 2019

Efni: Endurskoðun á stofni fjármagnstekjuskatts

Árið 2018 var fjármagnstekjuskattur hækkaður úr 20% í 22%, í því skyni „að gera skattkerfið réttlátara óháð uppruna tekna“. Samkvæmt athugasemdum við fjárlagafrumvarp þessa árs kom fram að í framhaldinu skyldi endurskoða skattstofn fjármagnstekjuskatts „*með það fyrir augum að raunverulegur ávinningur af fjármagni verði skattlagður og alþjóðlegur samanburður verður um leið auðveldari.“*

Samtök atvinnulífsins fagna því að komið sé að þeirri endurskoðun en hækkun fjármagnstekjuskatts dregur úr hvata til fjárfestingar og sparnaðar, að öðru óbreyttu. Fjárfesting er grundvöllur allrar atvinnusköpunar og er endurskoðun skattstofnsins því nauðsynleg; og jafnframt mikilvægt innlegg hagstjórnar í áttina að því að milda niðursveifluna sem íslenska hagkerfið stendur nú frammi fyrir.

Að skattleggja ávinning sem raungerist ekki

Verðbólga er veigamikill þáttur í umræðunni um fjármagnstekjur sem vill gleymast. Með nokkurri einföldun má segja að raunávöxtun sé jöfn nafnávöxtun að frádreginni verðbólgu ($raunávöxtun = nafnávöxtun - verðbólga$). Ljóst er að á tímum mikillar verðbólgu getur raunávöxtun verið neikvæð, jafnvel þó nafnávöxtun sé jákvæð. Við slíkar aðstæður og núverandi fyrirkomulag fjármagnstekjuskatts er greiddur skattur af ávinningi sem raungerðist ekki. Fjármagnstekjuskattur sem lagður er á nafnávöxtun er því meira íþyngjandi en skattprósentur gefa til kynna, sér í lagi þegar verðbólga er mikil eins og lengi hefur verið á Íslandi. Að mati SA er það því fagnaðarefni að stjórnvöld áformi nú að endurskoða skattstofn fjármagnstekjuskatts sem m.a. felur í sér möguleikann á að skattheimtan færist nær því að skattleggja raunávöxtun. SA leggja jafnframt áherslu á mikilvægi þess að endurskoðun skattstofnsins hafi ekki í för með sér aukið flækjustig eða ógagnsæi í skattheimtu.

	Meðal-verðbólga[1]	Mikil verðbólga[2]
Nafnávöxtun	10%	10%
Verðbólga	5%	12%
Raunávöxtun	5%	-2%
Fjármagnstekjuskattur sem hlutfall af raunávöxtun	**46%**	**323%**

[1] Meðalverðbólga á Íslandi 1990-2018

[2] Verðbólga árið 2009

Að gefnu tilefni vilja SA einnig koma eftirfarandi á framfæri:

1. Skattbyrði fjármagns í formi arðgreiðslna er nú 37,6% en ekki 22%, og ekki rétt að horfa einungis til strípaðra skattprósenta þegar skattbyrði launa og fjármagns eru bornar saman.
2. Norrænn samanburður á fjármagnstekjuskatti er vandasamur en frádrættir og undanþágur, sem ekki er leyfilegt hér á landi, geta vegið þungt.

1. Skattalegt hagræði fjármagns lítið eða ekkert

Skattbyrði launatekna og fjármagnstekna eru alla jafna bornar saman út frá skattprósentum einum saman, þ.e. 22% á fjármagnstekjur og 36,94% og 46,24% á launatekjur. Dugar það skammt. Í fyrsta lagi þarf að taka tillit til persónuafsláttar en hann gerir það að verkum að hver upphæð launa ber sérstaka skattprósentu í raun, og eykst skattbyrði eftir því sem tekjur hækka. Þannig borgar einstaklingur með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun tæp 18% í tekjuskatt að teknu tilliti til persónuafsláttar, en 28% af 700 þúsund króna mánaðarlaunum, svo dæmi séu tekin.

Í öðru lagi vill gleymast að arður er greiðsla fyrirtækis til eigenda sinna og að fyrirtæki geta ekki greitt út arð nema hagnaður sé af rekstri, en umræðan um fjármagnstekjuskatt snýr iðulega að arðgreiðslum. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að fyrirtæki greiða að jafnaði 20% tekjuskatt af hagnaði má sjá að eiginleg skattbyrði fjármagns er 37,6% – ekki 22%.

Lítið skattalegt hagræði er því fólgið í því að greiða sér út arð frekar en laun þar til mánaðarlaun ná 1,9 milljón króna. Hafa ber í huga að hér er ekki tekið tillit til launatengdra gjalda. Að teknu tilliti til þeirra er hagræði af arðgreiðslum meira, á móti kemur að ýmsum áunnum réttindum launafólks er fórnað.

2. Norrænn samanburður er ómarktækur

Þegar kemur að því að bera saman fjármagnstekjuskatt á Norðurlöndunum þarf einnig að varast að bera saman strípaðar skattprósentur. Frádráttarliðir frá stofni fjármagnstekjuskatts og undanþágur skipta höfuðmáli. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru vaxtagjöld t.a.m. frádráttarbær gagnvart fjármagnstekjum, s.s. vegna húsnæðislána og annarra skulda.[1] Slíkur frádráttur er ekki leyfilegur á Íslandi, eðli máls samkvæmt er skattstofn því lægri í þessum löndum en við samsvarandi aðstæður hér á landi. Á Íslandi er hins vegar leyfilegt að nýta ónýttan persónuafslátt að hluta til lækkunar fjármagnstekjuskatts en ætla má að slík tilvik heyri til undantekninga. Þá er 150.000 króna frítekjumark á vaxtatekjum.

Það má vera ljóst að erfitt er að segja til um með vissu hvort íslenskur fjármagnstekjuskattur sé lágur í norrænum samanburði, fer það allt eftir samhengi hverju sinni þar sem frádrættir og undanþágur geta vegið þungt. Að teknu tilliti til verðbólgu er þó líklegra að fjármagnstekjuskattur hafi í gegnum tíðina verið meira íþyngjandi á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, þrátt fyrir lægri skattprósentu.

Öll umræða um hækkun fjármagnstekjuskatts verður að taka mið af ofangreindu. Talsmenn hækkunar ættu fremur að berjast fyrir lækkun launatengdra gjalda, eins og tryggingagjaldi, sem leggjast beint á launagreiðslur fyrirtækja. Lækkun þeirra dregur úr hagræði þess að greiða sér út arð frekar en laun, en mikilvægt er að hafa í huga að lækkun tryggingagjalds kemur ekki niður á réttindum launafólks. Þá má einnig spyrja sig að því hvort þeir sem hæst tala fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts með það fyrir augum að færa hann nær því sem þekkist á Norðurlöndum, séu að sama skapi að tala fyrir innleiðingu hins norræna flækjustigs.

Frekari umfjöllun um fjármagnstekjuskatt má nálagst í nýlegri greiningu SA í viðauka.

Virðingarfyllst,

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir

Stefanía K. Ásbjörnsdóttir
f.h. Samtaka atvinnulífsins

---

[1] https://www.skatteetaten.no/en/person/taxes/get-the-taxes-right/bank-and-loans/loans-and-interest-rates/

https://skat.dk/skat.aspx?oId=2236413&vId=0&lang=US

http://taxsummaries.pwc.com/ID/Sweden-Individual-Deductions


Viðauki: Fjármagnstekjuskattur og samhengi hlutanna

Það eru tvær hliðar sem bera hæst í umræðunni um fjármagnstekjuskatt á Íslandi. Annars vegar snýst umræðan um skattbyrði fjármagnstekna samanborið við tekjuskatt einstaklinga og því haldið fram að skattbyrði fjármagns sé mun minni en launa. Hins vegar um að íslenskur fjármagnstekjuskattur sé lágur í norrænum samanburði. Hér verður vikið að báðum hliðum málsins en báðar reynast þær mikil einföldun á staðreyndum málsins.

1. Er skattbyrði fjarmagns mun minni en launa?

Hvað varðar samanburð á skattbyrði launatekna og fjármagnstekna eru alla jafna bornar saman skattprósentur þessara tveggja skattstofna, þ.e. 22% á fjármagnstekjur og 36,94% og 46,24% á tekjuskatti einstaklinga. Út frá þessum samanburði mætti halda að umtalsvert skattahagræði fælist í því að fá greiddar fjármagnstekjur frekar en launatekjur. Það er þó ekki alveg svo einfalt.

Í fyrsta lagi þarf að taka tillit til persónuafsláttar en hann gerir að verkum að hver og ein upphæð launa ber sérstaka skattprósentu í raun og veru. Þannig borgar einstaklingur með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun tæp 18% í tekjuskatt að teknu tilliti til persónuafsláttar, á meðan einstaklingur með 700 þúsund krónur í mánaðarlaun greiðir 28% í skatt. Þannig eykst skattbyrði eftir því sem tekjur einstaklinga aukast. Í öðru lagi eru skattþrep tekjuskatts tvö en skattbyrði þeirra launa sem falla að hluta í efra þrep, þ.e. launa yfir 927.087 kr. á mánuði, eykst enn frekar af þeim sökum.





Fjármagnstekjur eru öllu fjölbreyttari en launatekjur en þar undir falla tekjur af útleigu húsnæðis, vaxtatekjur, söluhagnaður og arðgreiðslur. Mismunandi reglur gilda um skattlagningu fjármagnstekna eftir uppruna. Frítekjumark er t.a.m. á bæði vaxtatekjum og leigutekjum af íbúðarhúsnæði, en hvorki af söluhagnaði né arðgreiðslum. Allar tegundirnar bera þó 22% skatt. Þar sem umræðan um skattbyrði launa og fjármagnstekna snýr iðulega að síðastnefnda flokknum, þ.e. arðgreiðslum, verður hér eftir tekið mið af þeim reglum sem gilda um þær.

Niðurstaða: Eiginlegur skattur fjármagns er 38% en ekki 22%

Líkt og áður sagði bera arðgreiðslur 22% fjármagnstekjuskatt, enginn frádráttur er leyfilegur frá skattstofni, ekkert frítekjumark og engar undanþágur. Það mætti því ætla að skattbyrði þessarar tegundar fjármagnstekna sé 22% og þannig töluvert lægri en skattbyrði meginþorra launa. Í þessu samhengi gleymist hins vegar sú staðreynd að arður er greiðsla fyrirtækis til eigenda sinna og að fyrirtæki geta ekki greitt út arð nema að hafa á einhverju tímabili skilað hagnaði af rekstri. Af hagnaðinum greiða fyrirtækin að jafnaði 20% tekjuskatt – að teknu tilliti til þessa er eiginleg skattbyrði arðgreiðslna því 37,6% en ekki 22%. Sé þetta borið saman við skattbyrði launa er ljóst að lítið skattalegt hagræði felst í því að greiða sér út arð frekar en laun fyrr en laun hafa náð 1,9 milljón króna á mánuði. Jafnvel þá er hagræðið lítið að teknu tilliti til annarra þátta fyrirtækjarekstrar, svo sem áhættu.

Hér er þó ekki tekið tillit til launatengdra gjalda. Að teknu tilliti til slíkra gjalda er hagræðið meira en á móti er þó verið að fórna ýmsum áunnum réttindum launafólks. Í ljósi þessa ættu þeir sem tala fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts fremur að berjast fyrir lækkun launatengdra gjalda eins og tryggingagjaldi sem leggst beint á launagreiðslur fyrirtækja. Slík lækkun kæmi auk þess ekki niður á réttindum launafólks.





2. Er fjármagnstekjuskattur hér á landi mun lægri en á Norðurlöndunum?

Umræðan um fjármagnstekjuskatt hefur þó ekki aðeins snúist um skattbyrði launa og fjármagns heldur einnig skattprósentuna sjálfa. Er því iðulega haldið fram að fjármagnstekjuskattur hér á landi sé lágur í norrænum samanburði. Sé horft til strípaðra skattprósenta er það að vissu leyti rétt, hins vegar er þá verið að bera saman tvo ólíka hluti. Frádráttarliðir frá stofni fjármagnstekjuskatts og undanþágur skipta hér höfuðmáli; en óhætt er að segja að fjármagnstekjuskattskerfi hinna Norðurlandanna séu almennt mun flóknari en það íslenska.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð eru vaxtagjöld t.a.m. frádráttarbær gagnvart fjármagnstekjum, svo sem vegna húsnæðislána og annarra skulda.[2] Slíkur frádráttur er ekki leyfilegur á Íslandi, eðli máls samkvæmt er skattstofn því lægri í þessum löndum en við samsvarandi aðstæður hér á landi. Á Íslandi má þó nýta ónýttan persónuafslátt að hluta til lækkunar fjármagnstekjuskatts. Ætla má að slík tilvik heyri til undantekninga. Þá er 150.000 króna frítekjumark á vaxtatekjum hérlendis en það á ekki

[2] https://www.skatteetaten.no/en/person/taxes/get-the-taxes-right/bank-and-loans/loans-and-interest-rates/

https://skat.dk/skat.aspx?oId=2236413&vId=0&lang=US

http://taxsummaries.pwc.com/ID/Sweden-Individual-Deductions

við um arðgreiðslur eða söluhagnað verðbréfa. Að fleiru er að huga, en sem dæmi má nefna að í Noregi er aðeins tekinn skattur af ávöxtun sem er umfram ávöxtun ríkisbréfa, þ.e. svokallaða áhættulausa ávöxtun. Þó vextir á ríkisbréfum séu vissulega lágir í Noregi, og áhættulausa ávöxtunin metin við 0,8% árið 2018[3], er samt um frádrátt að ræða sem enn lækkar skattstofninn. Samsvarandi áhættulaus ávöxtun á Íslandi var 5% árið 2018. Í Danmörku má einnig draga neikvæðar fjármagnstekjur frá skattstofni til útsvars, kirkjuskatts og heilbrigðisframlaga (d. *sundhedsbidrag*), slíkt er ekki í boði hér á landi.[4] Í Finnlandi er aðeins lagður fjármagnstekjuskattur á 85% arðgreiðslna frá skráðum fyrirtækjum.[5]

Niðurstaða: Norrænn samanburður er ómarktækur

Af ofangreindu má vera ljóst að erfitt er að segja til um með vissu hvort íslenskur fjármagnstekjuskattur sé lágur í norrænum samanburði, fer það allt eftir samhengi hverju sinni þar sem frádrættir og undanþágur geta vegið þungt. Það má því spyrja sig hvort þeir sem hæst tala fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts með það fyrir augum að færa hann nær því sem þekkist á Norðurlöndum, séu að sama skapi að tala fyrir innleiðingu hins norræna flækjustigs.

Verðbólga er annar veigamikill þáttur í umræðunni um fjármagnstekjur sem oft vill gleymast. Með nokkurri einföldun má segja að raunávöxtun sé jöfn nafnávöxtun, þ.e. ávöxtun eins og hún birtist okkur í daglegu tali, að frádreginni verðbólgu. Þannig getur verðbólga orðið til þess að raunávöxtun verður neikvæð, jafnvel þó nafnávöxtun sé jákvæð. Við slíkar aðstæður er greiddur fjármagnstekjuskattur af ávinningi sem raungerðist ekki. Ef verðbólga er mikil, eins og lengi hefur verið á Íslandi, er fjármagnstekjuskattur því töluvert meira íþyngjandi þegar litið er til raunávöxtunar en þar sem verðbólga er lægri, eins og á hinum Norðurlöndunum. Með ofangreind atriði í huga er því líklegra að fjármagnstekjuskattur hafi í gegnum tíðina verið meira íþyngjandi á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum, þrátt fyrir lægri skattprósentu.

Fyrirheit stjórnvalda um endurskoðun skattstofnsins

Öll umræða um hækkun fjármagnstekjuskatts í átt að norrænni fyrirmynd verður að taka mið af ofangreindu. Hár fjármagnstekjuskattur dregur úr hvata til fjárfestingar en fjárfesting er grundvöllur allrar atvinnusköpunar. Íslensk stjórnvöld hækkuðu fjármagnstekjuskatt úr 20% í 22% árið 2018. Samkvæmt athugasemdum við fjárlagafrumvarp ársins 2018 var markmiðið með þessari aðgerð að *„... gera skattkerfið*

---

[3] https://www.skatteetaten.no/en/rates/risk-free-interest-rate-for-shares-and-soleproprietorships/?year=2018#rateShowYear

[4] https://skat.dk/skat.aspx?oId=2236407&vId=0&lang=US

[5] http://taxsummaries.pwc.com/ID/Finland-Individual-Income-determination

réttlátara óháð uppruna tekna.“ Þar segir þó einnig: *„Í framhaldinu verður skattstofn fjármagnstekjuskatts tekinn til endurskoðunar, með það fyrir augum að raunverulegur ávinningur af fjármagni verði skattlagður og alþjóðlegur samanburður verður um leið auðveldari.“* Nú ári síðar hefur slík endurskoðun ekki enn farið fram. Mikilvægt er að hún eigi sér stað fyrr en síðar.

